

AUGLÝSING

um tímabundna takmörkun á innflutningi á tilteknu fersku og frosnu grænmeti sem er upprunnið í Taílandi.

1. gr.

Auglýsing þessi gildir um innflutning á tilteknu fersku og frosnu grænmeti sem er upprunnið í Taílandi.

2. gr.

Auglýsingunni er ætlað að tryggja að örverumenguð matvæli sem talin eru upp í 3. gr. séu ekki til dreifingar hér á landi.

3. gr.

Óheimilt er að flytja til landsins eftirtalið grænmeti, ferskt eða frosið:

- Kryddjurtir sem falla undir tollflokka nr. 0709.9009, 0710.8009, 1211.9001, 1211.9002 og 1211.9009.
- Baunir sem falla undir tollflokk nr. 0708.
- Lauf, svo sem bananalauf og bambuslauf sem fellur undir tollflokka nr. 1401.1000 og 1401.9000.
- Rætur sem falla undir tollflokka nr. 0706.9009, 1211.9001 og 1212.9009.
- Asparagus sem fellur undir tollflokk nr. 0709.2000 og 0710.8009.

Þrátt fyrir ofangreint skal innflutningur heimill ef innflytjandi framvísar vottorði frá faggiltri rannsóknastofu til Umhverfisstofnunar um að varan innihaldi ekki *Salmonella* og örveruástand hennar sé að öðru leyti ásættanlegt.

4. gr.

Ef matvæli sem talin eru upp í 3. gr. eru á markaði hér á landi við gildistöku auglýsingarinnar er eftirlitsaðila heimilt að gera kröfu um að innflytjandi vörunnar leggi fram rannsóknarvottorð frá faggiltri rannsóknastofu um að hún innihaldi ekki *Salmonella* og að örveruástand hennar sé að öðru leyti ásættanlegt.

Geti innflytjandi ekki lagt fram slíkt vottorð skulu matvælin tekin af markaði.

5. gr.

Umhverfisstofnun fer með eftirlit með því að farið sé að ákvæðum þessarar auglýsingar skv. III. ákvæði til bráðabirgða í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

6. gr.

Um valdsvið og þvingunarúrræði fer að öðru leyti samkvæmt 30. gr. laga um matvæli nr. 93/1995, með síðari breytingum, sbr. og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

7. gr.

Um viðurlög fer samkvæmt 31. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995 með síðari breytingum, sbr. og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

8. gr.

Auglýsing þessi er sett með stoð í 28. og 29. gr., sbr. 10. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995, sbr. og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998. Framangreind takmörkun verður endurskoðuð eigi síðar en að fjórum mánuðum liðnum.

Auglýsingin öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi auglýsing um tíma-bundna takmörkun á innflutningi á tilteknu fersku og frosnu grænmeti sem er upprunnið í Thailandi, nr. 779/2005.

Umhverfissráðuneytinu, 21. júní 2006.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

—————
B-deild – Útgáfud.: 4. júlí 2006